

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 7/2024

Fundarstaður: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Fundartími: 17. apríl 2024, kl. 14:30

Viðstödd:

Aðalmenn

Hlíf Steingrimsdóttir, Guðrún I Gylfadóttir (varamaður AJ), Guðríður K Þórðardóttir (varamaður GBJ), Pétur S Gunnarsson, Sif Sumarliðadóttir (varamaður GG) og Örvar Gunnarsson

Varamenn

Signý Vala Sveinsdóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Agnes Smáradóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Eva Ágústsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Gylfi Óskarsson og Ragnar Grímur Bjarnason.

Gestir: Guðbjörg Jónsdóttir og Karen Eva Halldórsdóttir

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 6/2024

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Um fjöllun ekki birt

4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

Samþykkt milli funda

Azacitidine (Azacitidine Zentiva) – nýtt samheitalyf

Abiraterone (Abiraterone STADA) – nýtt samheitalyf

Sorafenib (Sorafenib STADA) – nýtt samheitalyf

Everolimus (Everolimus WH) – nýtt samheitalyf

Aflibercept (Eylea) – nýr stykleiki

5) Önnur mál

a) FINOSE-samstarfið

FINOSE er samstarf Norðurlandanna um gerð heilbrigðistæknimats fyrir ný lyf.

Upphaflega var um að ræða samstarf Finnlands, Noregs og Svíþjóðar en nú eru Danmörk og Ísland fullgildir meðlimir og því verður endurnýjuðu samstarfi ýtt úr vör á næstunni.

Ætlunin er að stofnanir landanna sameini krafta sína með það að markmiði að auka gæði matsins og stytta tímann sem það tekur að innleiða lyf á svæðinu. Hvert land um sig mun þó taka sjálfstæða ákvörðun um innleiðingu og semja um verð lyfja.

Fréttatilkynning um samstarfið verður send út og birt á heimasíðu spítalans á næstunni.

b) Fundartími lyfjanefndar

Nú hafa verið boðaðir stjórnendafundir, sem sumir nefndarmenn lyfjanefndar þurfa að sitja, eftir hádegi á miðvikudögum og skarast þeir við fundi lyfjanefndar. Hugsanlegt er að færa fundi lyfjanefndar á fimmtudaga ef það hentar öðrum nefndarmönnum. Engin ákvörðun verður tekin á þessum fundi og tillagan rædd við þá sem ekki eru á fundinum.

Fundi slitið kl. 15:40